

# 2012



**Ríkismennt**  
þróunar- og símenntunarsjóður

## Ársskýrsla Ríkismenntar árið 2012



Starfsgreinasamband  
Íslands



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Ársskýrsla Ríkismenntar 2012  
Þróunar- og símenntunarsjóður  
starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni  
5/23/2012

## Efnisyfirlit:

- Inngangur.....	bls. 3
- Stjórn Ríkismenntar og starfsmenn.....	bls. 4
- Úrdráttur um reglur Ríkismenntar vegna styrkja.....	bls. 5
- Breytingar á reglum sjóðsins gerðar 2012.....	bls. 6
- Yfirlit yfir styrkveitingar Ríkismenntar SGS.....	bls. 7
- Einstaklingsstyrkir.....	bls. 8
- Frá starfi stjórnar á árinu 2012.....	bls. 13
- Fræðslustjóri að láni.....	bls. 14
- Fræðsla og kynningarstarf.....	bls. 14
- Lokaorð.....	bls. 15

## Fylgiskjöl:

- Rekstrarreikningur 2012
- Efnahagsreikningur 2012

## Inngangur

Árið 2012 er sjöunda starfsár Ríkismenntar SGS. Ríkismennt tók formlega til starfa 1. júní árið 2005. Sjóðurinn er þróunar- og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarfélaganna Starfsgreinasambands Íslands (SGS).

Skrifstofa sjóðsins er í Ofanleiti 2, 5. hæð. Samstarfsaðilar á hæðinni auk fræðslusjóðanna Ríkismenntar, Landsmenntar og Sveitamenntar eru Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Starfsmennt Fræðslusetur.

Markmið sjóðsins er eins og kemur fram á heimasíðu Ríkismenntar annars vegar að efla símenntun starfsmanna og hins vegar að auka möguleika stofnana á að þróa starfsvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til stofnana á hverjum tíma.

Sjóðurinn hefur tekjur sínar þannig að skv. kjarasamningi greiðir atvinnurekandi 0.57% á laun starfsmanna. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir og sinnir hlutverki sínu með eftirfarandi hætti:

### **Þróunar- og stofnanadeild (0,35%)**

- Veitir styrki til fræðsluverkefna hjá þeim stofnunum og atvinnurekendum sem í sjóðinn greiða.
- Veitir styrki til fræðsluverkefna hjá þeim stéttarfélagum sem að sjóðnum standa
- Fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur.

### **Starfs- og símenntunardeild (0,22%)**

- Veitir styrki til einstaklinga, félagsmanna aðildarfélaganna, til þess að þeir geti átt kost á að sækja nám/námskeið með vinnu án verulegs kostnaðar.

Styrkir eru afgreiddir með tvennum hætti, annars vegar sækja einstaklingar um styrk á þar til gerðum eyðublöðum hjá viðkomandi stéttarfélagi sem sér um afgreiðslu í umboði Ríkismenntar. Stéttarfélagið sækir síðan um endurgreiðslu til Ríkismenntar. Öllum vafaatriðum vegna einstaklingsstyrkja er vísað til framkvæmdastjóra sjóðsins og ef einstaklingar eru ósáttir við afgreiðslu hans eiga þeir möguleika á að vísa umsókn sinni til stjórnar Ríkismenntar og þá til endanlegrar afgreiðslu.

Stéttarfélag, stofnanir og aðrir atvinnurekendur sækja um styrk til stjórnar með því að senda rafræna umsókn þar sem fram koma helstu upplýsingar vegna viðkomandi fræðsluverkefna.

## Stjórn Ríkismenntar og starfsmenn

Stjórn Ríkismenntar er skipuð fjórum fulltrúum, tveir skipaðir af Starfsgreinasambandi Íslands og tveir frá fjármálaráðuneytinu.

### Fulltrúar Stargreinasambands Íslands:

Signý Jónnesdóttir, formaður Stéttarfélags Vesturlands og varaforseti ASÍ hætti í stjórn Ríkismenntar í október, en Signý hefur setið í stjórn sjóðsins frá stofnun hans. Signýju eru þökkuð vel unnin störf í þágu Ríkismenntar.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness (skipaður í stað Signýjar).

Halldóra Sigríður Sveinsdóttir, formaður Bárunnar stéttarfélags.

Varamaður í stjórn er Þórarinn Sverrisson, formaður Öldunnar stéttarfélags

### Fulltrúar ríkisins:

Ásta Lára Leósdóttir, formaður stjórnar, sérfræðingur á starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins

Ásgeir M. Kristinsson, deildarstjóri launadeildar skrifstofu mannauðsmála, Landspítala lét af starfi sem stjórnarmaður í Ríkismennt í upphafi árs. Ásgeiri eru þökkuð vel unnin störf fyrir Ríkismennt.

Halldóra Friðjónsdóttir, sérfræðingur á starfsmannaskrifstofu var skipuð af ráðuneytinu í stað Ásgeirs.

### Starfsmenn Ríkismenntar:

Kristín Njálisdóttir, framkvæmdastjóri Landsmenntar veitir sjóðnum forstöðu skv. þjónustusamningi þar um.

Eyjólfur Bragason er verkefnastjóri hjá Landsmennt og sinnir einnig verkefnum fyrir Ríkismennt.

Á starfsárinu 2012 voru haldnir 9 stjórnarfundir auk annarra samstarfsfunda s.s. með Starfsmennt fræðslusetri, Flóamennt, Sveitamennt, Landsmennt, Starfafli, Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks o.fl. varðandi mál sem tengjast fræðslusjóðum almennra starfsmanna.

## Úrdráttur um reglur Ríkismenntar vegna styrkja

### Einstaklingsstyrkir

Styrkur til hvers félagsmanns er að hámarki kr. 60.000.- á hverju almanaksári nema þegar um er að ræða styrk vegna aukinna ökuréttinda kr. 100.000.- og þriggja ára ónotaðan rétt til styrks, en sá styrkur getur numið allt að kr. 180.000.-. Félagsmaður sem hefur unnið a.m.k. 6 mánuði af síðustu 12 mánuðum og greitt til aðildarfélags Ríkismenntar á þeim tíma á rétt á styrk. Félagsmenn í atvinnuleit halda áunnum rétti sínum eins og hann var við starfslok ef þeir velja að greiða stéttarfélagsgjöld af atvinnuleysisbótum.

Nánari upplýsingar um einstaklingsstyrki er að finna í sérstökum bæklingi sem Ríkismennt gefur út og á heimasíðu sjóðsins [www.rikismennt.is](http://www.rikismennt.is)

### Styrkir til stofnana og stéttarféлага

Stofnanir og stéttarfélag geta sótt um styrk til Ríkismennt til námskeiðshalds fyrir starfsmenn ríkisins og stofnana þess, sem jafnframt eru félagsmenn í einhverju þeirra 16 verkalýðsfélaga utan höfuðborgarsvæðisins, sem eiga aðild að Starfgreinasambandi Íslands.

Styrkurinn getur numið 100% af kostnaði vegna verkefna sem sótt er um.

Dæmi um nám/námskeið sem Ríkismennt styrkir: Fagnámskeið í heilbrigðis- og félagsþjónustu, Tölvunámskeið, öryggis- og skyndihjálparnámskeið, nýliðafræðsla, íslenskunámskeið, rekstur almennra námskeiða, sí- og endurmenntun starfsmanna vegna starfstengdra verkefna o.m.fl.



Starfsmenn heilbrigðisstofnanna á landsbyggðinni eru meðal þeirra sem rétt eiga á styrkjum hjá Ríkismennt

## Breytingar á reglum sjóðsins gerðar 2012

### Tómstundastyrkir eintaklinga

Undanfarin ár hefur félagsmaður átt rétt á einstaklingsstyrk vegna frístunda-/tómstundanámskeiða. Greitt hefur verið 50% styrkur að hámarki kr. 18.000.- á ári. Í ár var þessari reglu breytt þannig að félagsmaður fær greitt 75% af kostnaði námskeiðs að hámarki kr. 20.000.- sem eins og áður dregst frá heildarupphæð einstaklingsstyrks.

### Ferða- og dvalarstyrkir (einstaklingsstyrkir)

Stjórn Ríkismenntar ákvað nýjar reglur varðandi ferðastyrki og sem fyrr er alltaf gert ráð fyrir að fólk velji ódýsrasta ferðamátann. Greitt er vegna aksturs  $\frac{1}{4}$  af kílómetragjaldi eins og það er hverju sinni. Ef ekið er um Hvalfjarðargöng er heimilt að greiða hverja ferð niður um 75% af kostnaði viðmiðunarupphæðar gjaldskrár. Ekki er tekið þátt í ferðakostnaði vegna aksturs styrkhafa sem er innan við 12 km. frá námskeiðsstað eða skóla. Ef hagstæðara er að fljúga en aka er heimilt að niðurgreiða flugkostnað um allt að 75% af hverjum flugmiða.

Heimilt er að niðurgreiða hverja gistinótt á hótelum/gistiheimilum um að hámarki kr. 6.000.- en þó aldrei meir en 75% af fullu verði.

Ferða- og dvalarstyrkir eru afgreiddir sér, en dragast frá hámarki einstaklingsstyrkja eins og það er hverju sinni.



Myndin tekin á matreiðslunámskeiði hjá Einingu lðju á Akureyri


## Yfirlit yfir styrkveitingar Ríkismenntar SGS

Eins og áður sagði vinnur stjórn Ríkismenntar eftir vinnureglum sem hún hefur sett sér um úthlutun styrkja, en aðildarfélögin sjá um greiðslu einstaklingsstyrkja í umboði Ríkismenntar. Á eftirfarandi myndum má sjá tölfræðilega úttekt á úthlutun sjóðsins þ.e. fjölda styrkja, fjölda þeirra einstaklinga og stofnana sem fengu úthlutað styrk og að lokum hvaða námskeið voru haldin.

Flestir félagsmenn Ríkismenntar sem eru í verkalyðsfélögum innan SGS starfa á heilbrigðisstofnunum og því er eðlilegt að flest námskeið sem haldin eru séu á vegum heilbrigðisstofnana eða haldin að beiðni þeirra. Stéttarfélögin eru einnig dugleg að bjóða félagsfólki sínu upp á námskeið, en þau eru oftast haldin með þeim tilgangi að styrkja félagsmanninn í sínu starfi með námi/námskeiði s.s. í tölvufærni, sjálfstyrkingu og hópefli. Þá halda stéttarfélögin ýmis tómstundarnámskeið en þeim er ætlað að efla samkennd meðal þeirra og hjálpa þeim til að taka fyrstu skrefin til endurmenntunar. Reynslan hefur sýnt að nám leiðir af sér nám. Að lokum má benda á að það færist í vöxt að félagsmenn sem starfa við framhaldsskóla á landsbyggðinni nýti sér sjóðinn.

Verkefnum fjölgaði á síðasta ári og að sama skapi hefur þátttakendum fjölgað í takti við eðli verkefnanna. Árið 2012 er metár í afgreiddum verkefnum og þátttöku en fjöldi þátttakenda í verkefnum hefur meir en tvöfaldast á árinu.

Yfirlit yfir þróun á fjölda styrktra verkefna árin 2005 - 2012




Mynd 1. Myndin sýnir hvernig þróun verkefna sjóðsins hefur verið frá því að hann hóf starfsemi sína.

## Einstaklingsstyrkir árið 2012


Afgreiddar voru 182 umsóknir frá einstaklingum sem sóttu um styrk í sjóðinn, 169 konur og 13 karlar. Samtals var greitt vegna þessara styrkja kr. 4.911.636.- eða kr. 26.987.- að meðaltali á hvern einstakling.

### Þróun á fjölda afgreiddra einstaklingsstyrkja Ríkismenntar 2005 - 2012



Mynd 2. Þróun styrkja Ríkismenntar undanfarin ár hefur verið nokkuð jöfn á milli ára.


### Heildarfjöldi einstaklingsstyrkja 2012



Mynd 3. Sýnir hvernig fjöldi einstaklingsstyrkja dreifist á þau 14 félag sem nýttu sér sjóðinn á árinu. Ríkisstarfsmenn eru fjölmennastir í Afli Starfsgreinafélagi og því eðlilega stærsti hópurinn.




### Meðaltalsupphæð einstaklingsstyrkja




Mynd 4. Þessi mynd sýnir hvernig þróunin hefur verið á milli ára á meðaltalsupphæð greiddra einstaklingsstyrkja.

### Hlutfall einstaklingsstyrkja á landshluta 2012




Mynd 5. Hér má sjá hvernig einstaklingsstyrkir dreifast á landshluta. Hafa ber í huga fjölda félagsmanna á hverju landssvæði en fjölmennast er á Norðurlandi og Austurlandi og fámennast á Suðurnesjum.

## Kynjaskipting; Ríkismennt 2012




Mynd 6. Kynjaskipting á úthlutuðum styrkjum er lík milli ára og endurspeglar hlutfall kynja þeirra sem aðild eiga að sjóðnum.

## Aldursdreifing einstaklingsstyrkja 2012




Mynd 7. Aldursdreifing þeirra sem fengu styrk staðfestir að flestir þeir er sækja sér endurmenntun eru á aldrinum 20 til 50 ára eða 74% þýðisins. Flestir í hópunum 21-30 ára og 41-50 ára.

## Erlendir ríkisborgarar vs. íslendingar 2012




Mynd 8. Hlutfall erlendra ríkisborgara sem nýta sér styrki Ríkismenntar er í samræmi við fjölda þeirra sem starfa hjá ríkisstofnunum á landsbyggðinni.

## Flokkun einstaklingsstyrkja á námskeið 2012




Mynd 9. Hér má sjá að mestur fjöldi styrkja fer í framhaldsskóla, háskóla og starfsnám eða samtals 73%.

## Skipting fjármagns á tegundir náms/námskeiða 2012



Mynd 10. Flestir félagsmenn sækja í nám í framhaldsskóla, háskóla eða í starfsnám enda fer 80% fjármagns til þess.

## Upphæðir einstaklingsstyrkja



Mynd 11. Hér má sjá hvernig styrkir skiptast á upphæðir. Athyglisvert að sjá hve stórt hlutfall er undir kr. 20.000 eða 42% af einstaklingsstyrkjum. Einungis 5% nýta fullan styrk á árinu.

## Frá starfi stjórnar á árinu 2012

### Náms- og kynnisferðir

Í upphafi árs var eftirfarandi tillaga frá fyrra ári samþykkt um styrki vegna náms- og kynnisferða:

Ríkismennt veitir ríkisstofnunum styrki vegna náms- og kynnisferða sem skipulagðar eru í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sambærilegra stofnana erlendis og innanlands.

Umfang dagsrár í slíkum ferðum skal vera a.m.k. tveir dagar og staðfesting móttökuaðila þarf að fylgja umsókn.

Skv. reglum sjóðsins getur styrkur pr. starfsmann orðið allt að kr. 100.000.- fyrir ferðir innan Evrópu og kr. 120.000.- fyrir ferðir utan Evrópu.

Að auki er heimilt að bæta við styrk vegna ferðakostnaðar innanlands ef fjarlægð frá heimabyggð að flugstöð er meira en 100 km. getur sá ferðastyrkur verið allt að kr. 30.000.- pr. starfsmann og gildir hann einnig um kynnisferðir innanlands.

Umsókn skal skila til sjóðsins á þar til gerðu rafrænu eyðublaði. Stjórn Ríkismenntar metur hvort umsóknin er styrkhæf. Við afgreiðslu hefur stjórn eftirfarandi til hliðsjónar:

- Hvort tilgangur ferðarinnar sé að starfsmenn viðkomandi stofnunar kynni sér sambærilega starfsemi og heimsóknin nýtist þeim til framþróunar í starfi.
- Hvort um er að ræða að auki þátttaka í námskeiði, kynningu og/eða tengsl við nýbreytni og /eða þróunarstarf.
- Að umfang dagsrár sé a.m.k. tveir dagar.
- Að staðfesting móttökuaðila fylgi umsókn.
- Nafnalisti skal fylgja umsókn.

Að verkefni loknu skal fylla út og skila til skrifstofu sjóðsins uppgjöri vegna ferðarinnar, en það á að innihalda lista yfir þátttakendur, félagsaðild þeirra og afrit af greiddum reikningum.

### Samstarfssamningur Ríkismenntar og Fræðslusetursins Starfsmenntar

Á árinu 2010 afgreiddi stjórn samning á milli Ríkismenntar og Fræðslusetursins Starfsmenntar gagnvart starfsmönnum ríkisstofnanna á landsbyggðinni sem eru félagsmenn í aðildarfélögum innan SGS. Samningurinn gerir þeim kleift að sækja námskeið sem Fræðslusetrið Starfsmennt heldur vítt og breytt um landið. Ríkismennt greiðir beint skv. samningnum fyrir þátttöku þeirra almennu starfsmanna ríkisstofnanna sem heyra undir sjóðinn.

Viðauki var gerður 2011 við ofangreindan samning Ríkismenntar og Fræðslusetursins Starfsmenntar vegna greiðslu þáttökugjalda félagsmanna aðildarfélaga sjóðsins sem stunda nám á BRÚ félagssliða við Borgarholtsskóla. Nú í ár var samþykkt að gera annan viðauka við samninginn vegna brúarnáms félags- og tómstundanáms og greiða beint innritunar- og einingargjöld félagsmanna aðildarfélaga Ríkismenntar. Töluverður fjöldi starfsmanna

ríkisstofnana sem eru félagsmenn aðildarféлага SGS hafa nýtt sér nám/námskeið á vegum Starfsmenntar skv. þessum samningi eða 28 talsins á árinu 2012.

## Fræðslustjóri að láni

Verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ byggist á að lána mannauðsráðgjafa til stofnana ríkisins samkvæmt samningi við hlutaðeigandi fræðslusjóð. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál stofnununar, dregur fram það sem vel er gert, greinir fræðsluþörf og samhæfir nýjar hugmyndir að fræðslu við það sem þegar er til.

Verkefnið Fræðslustjóri að láni hefur mælst mjög vel fyrir og má merkja áhuga hjá stofnunum um að nýta sér þessa leið til að gera þarfagreiningu og í framhaldinu fræðsluáætlun. Ríkismennt, Sveitamennt, Landsmennt, Starfsafl og Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks eiga gott samstarf varðandi verkefnið en það er í boði hjá öllum þessum fræðslusjóðum.

## Samningar um fræðsluáætlanir

Ríkismennt gerði sína fyrstu samninga um fjármögnun námskeiða á fræðsluáætlunum tveggja heilbrigðisstofnanna þ.e. við Heilbrigðisstofnun Austurlands og Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Þessir samningar koma í kjölfarið á verkefninu Fræðslustjóri að láni en mjög metnaðarfullar fræðsluáætlanir liggja nú fyrir til lengri tíma hjá báðum þessum heilbrigðisstofnunum og er þegar byrjað að vinna eftir þeim.

## Fræðsla og kynningarstarf

Kynningarstarf er nauðsynlegur þáttur í starfi Ríkismenntar. Lagður er metnaður í að heimsasiðan sé ávallt með réttar upplýsingar um réttindi félagsfólks og því fluttar fréttir af starfi sjóðsins. Framkvæmdastjóri hefur reglulega skrifað greinar í blöð og tímarit ásamt því að auglýsa sjóðinn í blöðum stéttarféлага, símenntunarstöðva og öðrum fjölmiðlum er tengjast sjóðnum.

Heimsóknir til stofnana skila jafnan góðum árangri. Fundað er með stjórnendum og starfsmönnum þar sem starfsemi sjóðsins er kynnt. Bæklingar með kynningarefni eru skildir eftir. Þótt hér sé um tímafrekt verk að ræða sýna dæmin að stjórnendur taka oft vel við sér eftir slíkar heimsóknir og hrinda af stað ýmis konar fræðslu sem sjóðurinn styrkir.

## Lokaorð

Líkt og undanfarin ár fjölgaði bæði einstaklingum og stofnunum sem sækja styrki í sjóðinn og er árið 2012 metár hjá starfsemi Ríkismenntar óháð því hvaða þættir starfseminnar eru skoðaðir. Það er að vonum því markmiðið verður ávallt að hvetja og styrkja sem flesta félagsmenn til frekari náms.

Einstaklingsstyrkjum fjölgaði um sex á milli ára og styrktum verkefnum stofnana fjölgaði um fjögur. Það sem er hins vegar athyglisvert er hve þátttakendum fjölgar mikið sem taka þátt í verkefnum sem stofnanir bjóða starfsfólki sínu upp á. Árið 2011 styrkti sjóðurinn sautján verkefni þar sem 272 einstaklingar tóku þátt, en árið 2012 styrkti sjóðurinn tuttugu og eitt verkefni en þá tóku þátt 610 einstaklingar sem er einkar ánægjuleg þróun.

Meðal nýmæla á árinu var að Ríkismennt gerði sína fyrstu samninga um fjármögnun fræðsluáætlana sem gerðar höfðu verið með verkefninu Fræðslustjóri að láni, sem sjóðurinn hafði styrkt. Hér er á ferðinn mjög gott verkfæri til þess að fylgja eftir fræðslu sem starfsfólk og stjórnendur töldu mikilvæga fyrir starfsfólk sitt og þá um leið stofnanir sínar.

Í nútíma samfélagi er það orðið viðurkennt að menntun á sér stað alla ævina, menntun sem fólk sækir í dag úreltist á morgun og því er nauðsynlegt að ávallt séu tækifæri fyrir fólk að sækja sér viðbótarmenntun. Sérstaklega verður að hafa þá í huga sem ekki hafa lokið formlegri menntun, en velja að mennta sig óformlega samhliða starfi innan framhaldsfræðslukerfisins.

Margt hefur verið gert vel á undanförunum árum en vonandi mun okkur veitast sú gæfa að allir sem koma að fræðslu, hvort sem hún er formleg eða óformleg, standi saman um að gera enn betur á leið okkar inn í framtíðina. Markmið er að allir fái að stunda nám og vinnu við sitt hæfi.

Reykjavík, maí 2013

Kristín Njálisdóttir, framkvæmdastjóri

Eyjólfur Bragason, verkefnastjóri